

Haldi utanhéraðsmaður eða félag dansskemmtun á samkomustað innan héraðs, 167
getur sýslumaður krafizt þess, að sá aðili greiði hluta sýslusjóðs af kostnaði við 16. okt.
eftirlitið með skemmtuninni. Og getur sýslumaður sett það sem skilyrði fyrir
skemmtanaleyfi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 50/1940, um lögreglu-
menn, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Í dómsmálaráðuneytinu, 16. október 1957.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

168

16. okt.

um löggæzlu á almennum skemmtisamkomum í Eyjafjarðarsýslu.

1. gr.

Sýslumaður Eyjafjarðarsýslu hefur yfirumsjón með löggæzlu á almennum
skemmtisamkomum í sýslunni. Getur hann, ef svo ber undir, falið hreppstjórum
framkvæmd löggæzlunnar.

Eigi má halda almenna skemmtisamkomu í sveitum eða kaupúnum, nema að
fengnu leyfi sýslumanns sem jafnframt ákveður í hvert sinn, hvort löggæzla skuli
vera á samkomunni. Sækja skal um slíkt leyfi með hæfilegum fyrirvara.

2. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum sýslumanns, löggilt einstaka
löggæzlumenn, er skulu hafa eftirlit með skemmtisamkomum, hver á sínu lög-
gæzlusvæði.

Löggæzlusvæðin eru þessi:

1. Grímsey.
2. Svarfaðardals- og Dalvíkurhreppar.
3. Árskógs- og Hríseyjarhreppar.
4. Arnarnes- og Skriðuhreppar.
5. Öxnadals- og Glæsibæjarhreppar.
6. Hrafnagilshreppur.
7. Saurbæjarhreppur.
8. Öngulstaðahreppur.

Löggæzlumenn skulu, er þeir hafa fengið tilkynningu frá sýslumanni eða hrepp-
stjóra um, að skemmtun með löggæzlu hafi verið leyfð á þeirra löggæzlusvæði, mæta
á skemmtistaðnum er skemmtun á að hefjast, og dvelja þar unz henni er lokið, eða
lengur, ef þörf gerist. Mega þeir eigi hverfa af staðnum fyrr en húsum þeim, er
skemmtunin var haldin í, hefur verið lokað. Hafi löggæzlumaður forföll, svo að
hann geti eigi annazt löggæzlu á skemmtun, er honum heimilt að fá annan til að
gegna starfinu.

Til aðstoðar löggæzlumanni á hverju löggæzlusvæði skulu vera tveir menn, og
getur hann kvatt þá sér til hjálpar, er hann telur þess þörf.

Þeir einir geta verið löggæzlumenn, hvort heldur aðalmenn eða aðstoðarmenn,
er fengið hafa fræðslu og þjálfun til slíks og löggiltir hafa verið til starfsins.

168

3. gr.

16. okt. Löggæzlumenn skulu halda uppi reglu á skemmtunum, er þeir hafa eftirlit með, og er þeim heimilt að flytja burt af skemmtistaðnum þá menn, er óspektum valda, ef einhverjir eru.

Auk aðstoðarmanna sinna geta þeir kvatt sér til fulltingis forstöðumenn skemmtunarinnar, þjónustumenn hans og aðra borgara.

Sé ekki unnt að halda uppi reglu að dómi löggæzlumanns, má löggæzlumaður slíta samkomunni, og er þá öllum samkomugestum skylt að fara út úr húsum þeim, sem skemmtunin er haldin í.

Leiki rökstuddur grunur á að áfengi sé selt úr bifreiðum eða á annan hátt á samkomustað eða í nánd við samkomustað, er löggæzlumanni og aðstoðarmönnum hans heimilt að hefja þegar leit og rannsókn, svo sem nauðsyn krefur.

Að lokinni skemmtun skal löggæzlumaður, ef hann telur sig vegna ölæðis manna eigi hafa getað haldið uppi fullkominni reglu, gefa sýslumanni skriflega skýrslu um starf sitt. Skal hann tilgreina nöfn þeirra manna, er verið hafa ölvaðir á skemmtuninni, og sem ekki hafa hlýtt fyrirælum hans. Skal hann lýsa ölvun þeirra, tilsvörum, háreysti og handalögmálum, er kunna að hafa orðið.

4. gr.

Sýslumaður gefur út erindisbréf handa löggæzlumönnum. Skulu þar settar reglur um, hvernig þeir hagi störfum sínum.

Löggæzlumönnum öllum skal láta ókeypis í té einkennisbúninga og einkennis-húfur.

Sýslumaður ákveður annan búnað löggæzlumanna.

Séu gerð spjöll á einkafatnaði löggæzlumanna eða aðstoðarmanna hans, er þeir sinna löggæzlustörfum, skal ríkissjóður bæta þann skaða, fáist hann eigi bættur á annan hátt.

Löggæzlumenn teljast starfsmenn ríkisins, er þeir vinna löggæzlustörf, og skulu þeir slysatryggðir á kostnað ríkissjóðs.

5. gr.

Löggæzlumönnum skal greiða þóknun fyrir starf þeirra, kr. 400.00 — fjögur hundruð — fyrir hverja skemmtun, er þeir hafa eftirlit með, en aðstoðarmönnum þeirra kr. 300.00 — þrjú hundruð —.

Þeim skal og öllum greiddur ferðakostnaður að og frá skemmtistað, eftir samkomulagi eða reikningi.

6. gr.

Sýslumaður skal ár hvert á tímabilinu frá 15. maí til 15. júní kalla forstöðumenn samkomustaða í Eyjafjarðarsýslu á fund á Akureyri. Á fundinum skal rætt um, á hvern hátt þess verði bezt gætt, að skemmtanir þær, er haldnar verða í héraðinu, fari sómasamlega fram. Á fundi þessum skulu og löggæzlumenn mæta.

7. gr.

Líti fundur svo á, er um getur í 6. gr., að nauðsyn beri til að setja reglur um útilokun þeirra manna, er sannir hafa orðið að sök um, að valda spjöllum á samkomum, frá því að sækja dansskemmtanir í héraðinu, skulu forstöðumenn samkomustaða, þeir er fundinn sitja, tilnefna tvo úr sínum hópi með fullu umboði, er ákveði með sýslumanni, hverjum þeirra manna, er löggæzlumenn hafa í skýrslum sínum tilgreint, að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtunum, skuli bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðs og hve langan tíma.

8. gr.

168

Dá skal sýslumaður, er honum hefur borizt skýrsla löggæzlumanna samkvæmt 3. gr., kveðja þá tvo menn úr hópi forstöðumanna samkomustaða, er um ræðir í 6. gr., á fund og skal hann þá ásamt þeim, eftir að þeir hafa kynnt sér skýrslu eftirlitsmanns, og sakadómsskýrslur séu þær fyrir hendi, ákveða, hvort mönnum þeim, er löggæzlumaður telur að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtun, verði bannaður aðgangur að dansskemmtun innan héraðsins og hve langan tíma.

Bann nefndarinnar skal tilkynnt skriflega öllum forstöðumönnum samkomustaða í héraðinu, löggæzlumönnum öllum, svo og manni þeim er banninu er beint gegn.

Meðan bannið gildir, ber forstöðumönnum samkomustaða og þjónustuliði þeirra að vera samhent löggæzlumönnum, um það að synja þeim mönnum, sem banni er beint gegn, um aðgang að skemmtunum þeim, sem haldnar eru, og það jafnt þótt þeir séu eigi undir áhrifum áfengis, er þeir æskja aðgangs.

9. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar, greiðist að $\frac{3}{4}$ úr ríkissjóði, en að $\frac{1}{4}$ úr sjóði viðkomandi hreppa að því er laun löggæzlumanna snertir. En laun aðstoðarmanna greiði sá að hálfu, er skemmtunina heldur, en ríkissjóður að hálfu.

Ríkissjóður kostar að öllu leyti einkennisbúninga löggæzlumanna og einkennis-húfur og merki, svo og fræðslu löggæzlumanna og aðstoðarmanna þeirra, einnig ferðakostnað allan samkvæmt 5. gr.

Haldi utanhéraðsmaður eða félag dansskemmtun á samkomustað innan héraðs, má setja það að skilyrði fyrir skemmtanaleyfi, að sá aðili greiði hluta sveitar-sjóðs af kostnaði við eftirlitið með samkomunni.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 50 1940, um lögreglu-menn, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Dómsmálaráðuneytið, 16. október 1957.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

169

um umferð í Reykjavík.

18. okt.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur verið ákveðinn *ein-stefnuakstur um Lindargötu* frá vestri til austurs milli Klappastígs og Frakkastígs.

Enn fremur hefur bæjarstjórn samþykkt að banna bifreiðastöður vestan megin í *Óðinsgötu*.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 18. október 1957.

Sigurjón Sigurðsson.